AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Urriðaár, Borgarbyggð.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 15. maí 2001.

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

Sigurður P. Harðarson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 188/1999, um Íþróttasjóð.

1. gr.

3. ml. 1. mgr. 2. gr. orðist svo:

Umsóknir skulu berast íþróttanefnd á þar til gerðum eyðublöðum fyrir 1. október ár hvert.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 14. maí 2001.

Björn Bjarnason.

Þórunn J. Hafstein.

REIKNINGUR

Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar 2000.

Rekstrarreikningur fyrir árið 2000.

	kr.
Tekjur	
Vextir af bankainnstæðum	10.645,70
	10.645,70
Gjöld	
Fjármagnsskattur	1.063,00
Tekjur umfram gjöld	9.582,70
	10.645,70